




5 t b l 3 9 á r g s e p t e m b e r 2 0 0 4

# Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

## Haustverkin í deiglunni



bls.3

Staða starfsmatsins




bls.4-5

Gott að vita



bls. 6-7

Fristundaheimili ÍTR



bls. 8

Starfsemi hjá BSRB

## Formaður hefur orðið...



Sjöfn Ingólfssdóttir,  
formaður St. Rv.

Í stjórn félagsins og á skrifstofu þess fer nú þessa dagana fram umræða og almennur undirbúningur undir vetrarstarfið, en eðlilega verður á ári hverju hlé á slíkri umræðu yfir sumarmánuðina. Undirbúningur þessi felst meðal annars í skipulagningu fræðslustarfsins, eins og rækilega má sjá í þessu blaði, en sá þáttur í starfseminni verður sífellt umfangsmeiri og aðsókn félagsmanna eykst frá ári til árs.

Á næstu dögum og vikum mun stjórnin og starfmenn enn frekar búa sig undir það sem framundan er m.a. á sérstökum vinnudegi þar sem ætlunin er að fara yfir markmið og stefnu stjórnarinnar og rýna í skipulag og starfshætti á skrifstofu félagsins. Fyrsti fundur Fulltrúaráðsins á haustinu fylgir svo í kjölfarið þar sem lagt verður upp með fastmótað fundaplan og fræðsludagskrá þar sem áhersla er lögð á skipulegt nám fyrir trúnaðarmenn/fulltrúa auk einstakra fyrirlestra og annað fræðslufni á fundum ráðsins.

Kjarasamningur St.Rv. við ríkið er að renna út og hefur félagið, sem og önnur félög innan BSRB falið bandalaginu að leita samkomulags um gerð viðræðu-áætlunar svo sem skylt er samkvæmt lögum. Skipuð hefur verið samninganefnd af hálfu félagsins, umræða um mótun kröfugerðar er hafin og mun liggja fyrir innan skamms. Grunnur að þeirri kröfugerð hefur í raun þegar verið lagður að stórum hluta og visast þar til umræðu og samþykkt á 40. þingi BSRB sem haldið var 22. til 24. október 2003. Þar fór meðal annars fram mikil og góð umræða um lágmarkslaun og mun þeirrar umræðu gæta í kröfugerðinni.

Eins og í síðustu samningalotu hefur

stjórn BSRB samþykkt að samtökin leiði umræðuna um "stóru málin", en sérstök nefnd á vegum bandalagsins - Réttinda-nefnd BSRB, hefur sett fram hugmyndir um hvaða mál það séu og þar er fyrst og fremst rætt um réttindi trúnaðarmanna, styrktarsjóð BSRB, tryggingavernd og vinnutímamál.

Hinn 28. júní s.l. var undirritað samkomulag við Orkuveitu Reykjavíkur um sérstakar bætur til starfsmanna vegna tafa á framkvæmd gildandi kjarasamnings. Samkomulag þetta er í anda þess samkomulags um sama efni sem St.Rv. ásamt Eflingu og Kjarafélagi Tæknifræðinga gerðu við borgina í mars s.l. en þar segir m.a. : Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi varðandi framkvæmd kjarasamnings aðila:

**1. Að fela starfsmatsnefnd að ljúka starfsmatsviðtölum og launatengingu starfsmats eigi síðar en 15. október 2004 og greiða laun samkvæmt því hinn 1. nóvember 2004.**

Því er ljóst að augu félagsmanna beinast nú þessa haustdaga sérstaklega að starfi starfsmatsnefndarinnar. Mikil ábyrgð hvílir á herðum þeirra sem í nefndinni sitja og eiga þeir vandasant verk fyrir höndum. Það er sannfæring mín, að fulltrúar nefndarinnar beggja megin borðs eru þess trausts verðir sem á þá er lagt og munu leggja alúð sína og krafta í að skila þessu verki til enda.

Annars staðar í blaðinu er gerð nánari grein fyrir stöðu þessa máls.

Í ágúst 2004  
SI

### Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar  
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.bsrb.is

Ábyrgðarmaður: Sjöfn Ingólfssdóttir

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Guðjón Indriðason, Ragnhildur

Helgadóttir og Örn Erlendsson

Umbrot: Jakobína Þórðardóttir

Prófarkalestur Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentun: Hjá OSS ehf.

Mynd forsiðu: Bára

## Félagsskírteini komið út

Nú ætti félagsmönnum að hafa borist félagsskírteini ásamt afsláttarhefti og félagsbæklingi. Ef vanhöld hafa verið á því eru félagsmenn hvattir til þess að hafa samband við

skrifstofu félagsins í síma 525-  
8330

eða netfangið  
jakobina@strv.bsrb.is



# Fréttir af starfsmatinu

## Framkvæmd starfsmats

Staðan í starfsmatsverkefninu er sú að frá byrjun ágúst, eftir sumarfrí starfsmatsráðgjafanna, hefur vinnan verið skipulögð þannig að í viku hverri eru haldnir tveir langir vinnufundir, þar sem vandlega er farið yfir starfsyfirlit þeirra starfa sem viðtölum er lokið í. Það er til þess að tryggja svo sem kostur er, að öllu sé til skila haldið.

Þegar þetta er ritað er búið að fara yfir um 270 störf, þar af í okkar félagi um 220 störf. Á bak við hvert starf geta verið allt að 10 viðtöl.

Þessi yfirferð hefur gengið vel og hópurinn verið samhentur, fram fer heiðarleg og gagnleg umræða og komist er að sameiginlegri niðurstöðu ef/þegar upp koma álitamál. Mesta vinnan hvílir á starfsmatsráðgjöfunum og er álag á þeim gífurlegt.

Undanfarnar vikur hefur komið æ

betur í ljós, það sem menn reyndar vissu, að þessi yfirferð væri nauðsynleg, m.a vegna samanburðar á samþærilegum og/eða skyldum störfum eða einstökum þáttum starfanna, því jafnvel þó einhver tvö störf séu í heild sinni ólík þá geta einn eða tveir þættir starfanna verið samþærilegir. Ennfremur er þessi yfirferð nauðsynleg vegna þess á hve löngum tíma starfsmatsviðtölin hafa farið fram.

Eftir er að taka um 30 viðtöl og verða þau tekin strax að þessari yfirferð lokinni, væntanlega í byrjun október.



Að lokum skal taka fram að öll vinna hópsins er miðuð við að farið verði að greiða eftir nýju starfsmati þann 1. nóvember 2004.

## Starfsmenntunarsjóður og Vísindasjóður

### Námskeið – starfsmenntun.

Með haustinu hugsa margir félagsmenn sér til hreyfings varðandi nám og námskeið.

Því viljum við benda þeim á möguleika á styrkjum til greiðslu á námsgjöldum.

Starfsmenntunarsjóður fjallar um umsóknir og úthlutar styrkjum á 5-6 vikna fresti yfir veturinn.

Rétt til að sækja um í Starfsmenntunarsjóð hafa allir félagsmenn í St.Rv.

Vísindasjóður úthlutar hins vegar tvisvar á ári, þ.e. í byrjun október og í byrjun maí.

Rétt til að sækja um í Vísindasjóð hafa félagsmenn með háskólamenntun, sem greitt er fyrir í Vísindasjóð.

Umsóknareyðublöð eru á skrifstofu félagsins. Einnig er hægt að nálgast þau á heimasíðunni okkar: [www.strv.bsrb.is](http://www.strv.bsrb.is) undir fræðslumál.

Allar upplýsingar á skrifstofu félagsins og í síma 525-8330.

Þá viljum við vekja athygli félagsmanna á kaflanum í kjarasamningi, sem fjallar um launuð námsleyfi.

# Gott að vita ...

## -námskeið og fyrirlestrar á haustönn 2004

St.Rv. og SFR bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á haustönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrá haustsins og var stefnan sett á að bjóða upp á fjölbreytt námskeið á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Lágmarkspáttakendafjöldi inn á hvert námskeið er 12 manns en hámarksfjöldi getur verið mismunandi eftir því um hvers konar námskeið er að ræða. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst. Hægt er að skrá sig og fá nánari upplýsingar á skrifstofu St.Rv., Grettisgötu 89, 3. hæð, sími 525-8330 eða á netfanginu jakobina@strv.bsrb.is.



### Réttur neytandans

Tími: Þri. 21. sept. kl. 16:30-19:00

Lengd: 3 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.

Leiðbeinandi: Ólöf Embla Einarsdóttir

lögfræðingur

Ekkert þáttökugjald.

Markmið:

Að þátttakendur kynnist starfsemi Neytendasamtakanna, þ.á.m. kvörtunar- og leiðbeiningaþjónustunni. Farið verður yfir helstu atriði laga um neytendakaup, þjónustukaup, lög um húsgöngu og fjarsölu og lög um skaðsemisábyrgð.

Yfirferðin gefur þátttakendum yfirsýn yfir það lagaumhverfi sem neytendur búa við á Íslandi.

Gerð verður grein fyrir starfandi

úrskurðarnefndum sem leyst geta úr ágreiningi neytenda við seljendur með skjótum og ódýrum hætti. Þá verður Evrópska neytendaadstoðin kynnt, en hún aðstoðar neytendur á Íslandi við að ná fram rétti sínum gagnvart seljendum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Markmið:

Að veita innsýn í fjármál heimilanna í dag. Fjallað verður um fjárhagsáætlanir, kostnað heimilisins, sparnað, lán, ábyrgðarskuldbindingar og úrræði þeirra sem skulda. Á fyrirlestrinum verður stuðst við upplýsingar frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og fjallað verður um þjónusu Ráðgjafarstofunnar.

### Vídeóupptökur

Tími: a) 5. og 7. okt. kl. 19:30-22:30.

b) 25. og 27. okt. kl. 19:30-22:30.

Lengd: 8 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð

Leiðbeinandi: Marteinn Sigurgeirsson,  
kennsluráðgjafi

Þáttökugjald: 1000 kr.

Markmið:

Á námskeiðinu verður farið í gegnum helstu stillingar á myndavélinni. Það sem við kemur myndatökunni; myndstærðir, myndskaið, sjónarhorn og hreyfingu. Seinni daginn verður svo farið yfir myndbyggingu, lýsingu, hljóð, myndatökuverkefni og lítilla farið í klippingu og frágang. Það verða myndatökuæfingar í tímunum.

Ath! Gott er að vera með vídeómyndavél en það er ekki skilyrði fyrir þáttöku.

### Fjármál heimilanna

Tími: a) Fim. 30. sept. kl. 16:30-19:00.

b) Þri. 12. okt. kl. 16:30-19:00.

Lengd: 3 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð

Leiðbeinandi: Björg Sigurðardóttir ráðgjafi.

Ekkert þáttökugjald

## Vellíðan á vinnustað

Tími: Fim. 14. okt. kl. 17-19:30.

Lengd: 3 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð

Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi.

Ekkert þáttökugjald.

Markmið:

Markmiðið með námskeiðinu er að fara ofan í saumana á uppbyggilegum og árangursríkum samskiptum á vinnustað, eins og traust, heiðarleika, ábyrgð, virðingu, hreinskilni, stuðning og skuldbindingu. Fjallað er um nokkrar helstu aðferðir við hvatningu og hvernig hún tengist starfsánægju, vali á starfi, starfsþróun og frammistöðu. Einnig er fjallað um endurgjöf (feedback) en hana má sjá sem aðferð til að skýra og bæta samskipti milli fólks.

## Heimilisbókhald

Tími: Þri. 26. okt. kl. 16:30-19:30.

Lengd: 4 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð

Leiðbeinandi: Ragnhildur B. Guðjónsdóttir.

Ekkert þáttökugjald.

Markmið:

Að fara yfir það sem skiptir máli í undirbúningi og breyttu hugarfari varðandi heimilisrekstur og færslu heimilisbókhalds. Kennt er hvernig standa skuli að færslu heimilisbókhalds og farið er yfir helstu þætti sem skoða þarf með hagræðingu í huga og reynt að varpa ljósi á hvernig megi koma henni við. Kynnt eru hin ýmsu form sem hægt er að nota við færslu bókhaldsins.

## Þekkirðu hæfni þína

Tími: 2. nóv. kl. 17:00-20:00

Lengd: 4 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð

Leiðbeinandi: Hrafnhildur Tómasdóttir náms,- og starfsráðgjafi hjá Mentor

Ekkert þáttökugjald

Markmið:

Að þáttakendur verði meðvitaðir um gildi þess að þekkja fjölbreytileika þeirrar hæfni sem þeir búa yfir, hæfni sem þeir hafa öðlast í námi, leik og starfi. Hugtakið "raunhæfni" verður kynnt auk þess sem einstaklingum verður veitt ráðgjöf um kortlagningu og mat á henni.

## Breytingar sem tækifæri

Tími: 4. nóv. kl. 16:30-19:30

Lengd: 4 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.

Leiðbeinandi: Vilborg Einarsdóttir,

MSc í stjórnun og stefnumótun.

Ekkert þáttökugjald.

Markmið:

Að skoða og greina breytingar með tilliti til þess að nýta þær sem tækifæri í stað ógnunar. Fjallað verður um breytt vinnuumhverfi og aukna nauðsyn þess að takast á við breytingar samfara því, bæði sem hópur og einstaklingur. Fjallað verður um tilfinningar, hvatningu og streitu í ljósi breytinga og hvernig ólík vinnustaðamenning getur skapað mismunandi viðhorf til breytinga.

## Ljósmyndun

Tími:

a) Þri. 16. og mið. 17. nóv. kl. 17-20.

b) Þri. 23. og fim. 25. nóv. kl. 17-20.

Lengd: 8 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson

Þáttökugjald 1000 kr.

Markmið:

Að kenna undirstöðuatriði í stafrænni ljósmyndataekni, almennri myndatöku (landslag, portrett og fl.) og hvernig eigi að meðfara myndir almennt til að mynda hvernig beri að setja myndir í tölvu, skipuleggja þær og geyma, hvernig eigi að skipuleggja myndasafn sem og laga og prenta út myndir. Ath. Æskilegt er að þáttakendur hafi meðferðis myndavél og að hún sé fullhlaðin

# Vinnustaðaheimsókn í Miðberg og f



**Trausti Jónsson, starfsmaður í Miðbergi og hann er í Fulltrúaráði St.Rv. samsagt trúnaðarmaður.**



**Óskar Dýrmundur er forstöðumaður í Miðbergi en stjórn frístundaheimilanna er í Miðbergi.**



**Birkir Viðarsson, starfsmaður í Miðbergi.**



**Hermann Hreinsson, starfsmaður í Miðbergi**



**Helgi Eiríksson, ráðgjafi ungmennastarfs í Miðbergi**

Fréttabréfið heimsækir að þessu sinni Miðberg sem er félags og upplýsingamiðstöð ÍTR í Breiðholti og eitt af fimm frístundaheimilum sem rekin eru í Breiðholti, Denna dæmalausa.

Heimsóknin hefst á því að hitta Óskar Dýrmund forstöðumann Miðbergs og hann segir mér af miklum áhuga og eldhug frá starfsseminni. Meginmarkmið Miðbergs er að veita börnum og ungmennum innihaldsríka þjónustu í frítíma þeirra.

Óskar segir mér frá tilraunaverkefni sem hefur verið í gangi s.l. fjögur ár, það hefur snúist um það að ÍTR sjái um frístundaheimili fyrir yngri börn grunnskólans eftir skóla á daginn, í stað þess að skólarnir sjálfir veiti þessa þjónustu eins og það hefur tíðkast í öðrum hverfum borgarinnar.

Óskar segir að verkefnið hafi gengið vonum framár. Ánægja foreldra hefur farið stigvaxandi með hverju árinu sem við höfum starfað, nú eru 93% foreldra mjög ánægðir með þjónustuna.

Eftir heimsókn í Miðberg er ferðinni heitið í Denna dæmalausa, frístundaheimili sem er staðsett við Selja-skóla.

Hrönn forstöðumaður tekur á móti mér og kynnir mig fyrir fríðum hópi starfsmanna og segir mér frá starfseminni. Dagskrá og skipulag frístundaheimilisins er mjög vel skipulagt og allt umhverfi frjótt og skemmtilegt starf unnið með börnunum.

Börnin fóru svo að tínast inn um klukkan tvö. Þau komu glöð og hress úr skólanum inn í frístundaheimilið.

Helstu markmiðin felast í því að hver einstaklingur fái að njóta sín. Leiðirnar eru að veita börnunum öryggi og væntumþykju. Lögð er áhersla á að starfsmenn taki tillit til þarfa og skoðana barnanna. Þannig telja þau að hægt sé að skapa andrúmsloft sem byggir á væntumþykju, hlýju og viðurkenningu. Lögð er áhersla á fjölbreytt tólmundastarf þar sem börnin fá að njóta sín jafnt á skipulögðum dagskrárliðum sem og frjálsum leik.

Fréttabréfið þakkar góðar móttökur bæði í Miðbergi og á Denna dæmalausa og óskar starfsmönnum alls hins besta.

# Frístundaheimilið Denna dæmalausa



Á mánudögum fá börnin hressingu þegar þau koma úr skólanum - þau bíða spennu.



Laufey Hrönn Jónsdóttir er forstöðumaður í frístundaheimilinu Denna dæmalausa.



Lena Huld Sigurðardóttir, tómsundaleiðbeinandi í Denna dæmalausa.



Ólafur Jónas Sigurðsson, tómsundaleiðbeinandi í Denna dæmalausa.



Arnar Jónsson Aspar, stuðningsfulltrúi



Íris Dögg Lárusdóttir, tómsundaleiðbeinandi



Grétar Berg Þorláksson, stuðningsfulltrúi.

# Líflegt starf hjá BSRB

-viðtal við Ögmund Jónasson .

## **Hvað er helst á döfinni á vettvangi BSRB á komandi mánuðum?**

Kjarasamningar munu setja mjög svip á allt starf samtakanna næsta hálfu árið. Flest félög innan okkar vébanda sem semja við ríkið eru með lausa samninga í nóvemberlok og viðsemjendur sveitarfélaganna í marslok næsta vor. Viðsemjendur ríkisins sem eiga lausa samninga fyrir áramót fólu BSRB að annast gerð sameiginlegrar viðræðuáætlunar við ríkið og er hún þegar frágengin. Samkvæmt þessari áætlun verður lögð áhersla á sameiginlega samninga um flest það sem lýtur að réttindum en félögin munu hins vegar hvert um sig annast launþáttinn.

## **Hvað með samstarf við önnur samtök sem einnig eru með lausa samninga, BHM og Kennarasamband Íslands?**

Jú, við munum leita eftir nánú samstarfi við þau eins og við höfum áður gert á síðustu árum þegar réttindamálin hafa verið annars vegar. Þetta samstarf hefur óvæfengjanlega haft úrslitabýðingu um að við næðum árangri. Samstarfið hefur verið að þróast jafnt og þétt og er mjög traust og gott. BSRB hefur einnig átt þrýðilegt samstarf við Alþýðusamband Íslands um sameiginleg baráttumál launafólks. Þá vil ég ekki gleyma bankamönnum sem ásamt okkur í opinbera geiranum koma að Hagrannsóknarstofnun starfsfólks í almannatjónustu, HASLA. Enda þótt nafnið sé virðulegt og stofnanakennt þá rekum við þetta til að byrja með á grundvelli tiltekinna verkefna. Fyrsta verkefni okkar er viðamikil könnun um afstöðu til vinnufyrirkomulags, launa og samningakerfa. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands annast könnunina, sem við gerum okkur vonir um að færi okkur niðurstöður sem draga megí einhvern lærdóm af.

## **Hvaða áherslur aðrar viltu nefna í starfi BSRB á næstunni?**

Það er mikið líf í okkar samtökum. Við höfum gert stóráttak í fræðslumálum. Tölvuáttak í fyrri og hitteðfyrri skilaði miklum árangri. Undanfarin ár hefur verið boðið upp á öflugla forystufræðslu fyrir forsvarsmenn aðildarfélaganna og nú í haust verða haldin námskeið í samningatækni og verkefnastjórnun fyrir samninganefndir félaganna. Þá er í undirbúningi tungumálafræðsla fyrir félagsmenn sem skipulögð verður með líkum hætti og tölvufræðslan áður. Í erlendu samstarfi höfum við verið að sækja í okkur veðrið og koma sífellt fleiri að því starfi. Innan búðar er unnið mjög vel að þeim málum, enda kemur á daginn að ákvarðanir sem teknar eru á alþjóðavettvangi, ekki aðeins í Evrópusambandinu heldur t.d. á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skipta okkur miklu máli. Þar er tekist á um grundvallaratriði í samfélagsgerðinni og er þar sótt með margvíslegum hætti gegn ýmsum þeim réttindum sem verkalýðshreyfingin hefur áunnið félögum sínum frá upphafi. Sú barátta skilaði okkur hugmyndum um jöfnuð sem leiddu til velferðarþjóðfélagsins, sem við þurfum nú að standa vörð um og að sjálf-sögðu einnig bæta. Við þurfum að fylgjast vel með og beita okkur af krafti. Það höfum við gert og ég er ekki í nokkrum vafa um að aðkoma BSRB að ýmsum málum, svo sem markaðsvæðingu rafmagns og vatns, sem við þekkjum í þaula í alþjóðlegu samhengi, hefur haft áhrif til góðs.

## **Skattatillögur BSRB vöktu talverða athygli þegar þær voru kynntar á sínum tíma. Hvað er um hagfræðirannsóknir á vegum samtakanna að segja?**

Það er rétt að í skattatillögum BSRB fólst ný hugsun sem vakti verðskuldaða athygli. Það er miklívægt að lokast ekki inni í öng-



**Ögmundur Jónasson formaður BSRB**

stræti í skattaumræðunni. Við hreyfðum ýmsum góðum hugmyndum og munum halda áfram á þeirri braut. Hagfræðingar okkar vinna einnig að ýmsum öðrum spennandi verkefnum sem við kynnum með haustinu.

Margt annað er á döfinni hjá okkur. Eitt af því sem ég er stoltastur yfir í okkar starfi er svokölluð réttindanefnd sem hefur á að skipa mjög reyndu fólki í réttindamálum. Hún hefur unnið mjög vandaða vinnu og lögfræðingur okkar hefur einnig sett upp réttindavef á heimasíðu BSRB, sem er sneisafull af gagnlegum upplýsingum fyrir félaga okkar sem og aðra. Og svo eru komnir heitir pottar í Munadarnes. Alls staðar eru framfarir. Það er líf í BSRB segir Ögmundur að lokum.

*Munið heimasíðu félagsins  
strv.bsrb.is*

# Vilt þú auka þekkingu þína og hæfni?

Námskeið í boði á haustönn 2004

## Starfsnám stuðningsfulltrúa, grunn- og framhaldsnám

Nám fyrir starfandi stuðningsfulltrúa. Umsjón með náminu hefur *Framvegis - miðstöð um símenntun* og *Símenntunarmiðstöðvar* víða um land.

## Rekspölar I og Rekspölar II

Almennt starfsnám. Umsjón með náminu hefur *Fræðsluver GG*.

## Framrás 1, Framrás 2 og Framrás 3

Einkum ætlað fólki í skrifstofustörfum og tengdum störfum í almannajónustu. Umsjón með náminu er í höndum *Endurmenntunar HÍ, Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, Fræðslunets Austurlands, Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga, o.fl.*

## Vandað til verka

Nám fyrir stjórnendur, verkstjóra og leiðbeinendur á vernduðum vinnustöðum. Samstarfsaðili er *Samtök um vinnu og verkþjálfun*. Umsjón er í höndum *Starfsmenntar*.

## Járnsíða

Nám og þjálfun fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna. Verkefnið er í undirbúningi. Nánar kynnt síðar.

## Félagsliðanám

Nám fyrir starfandi stuðningsfulltrúa. Samstarfs- og umsjónaraðili er *Borgarholtsskóli*.

## Nám fyrir hjúkrunar- og móttökuritari

Nám fyrir starfandi hjúkrunar- og móttökuritari. Samstarfs- og umsjónaraðili er *Fjölbautaskólinn við Ármúla*.

## Nám fyrir umsjónarmenn fasteigna

Nám fyrir starfandi umsjónarmenn fasteigna. Samstarfs- og umsjónaraðili er *Iðntæknistofnun*.

## Ráðgjafi að láni

Greining og áætlanagerð á sviði starspróunarmála sem unnin eru með ákveðnum hópi stofnana.

## Skýrt og skorinort - starfsmannasamtöl og notkun þeirra

Námskeið fyrir starfsmenn stofnana sem tekið hafa þátt í verkefni *Starfsmenntar Ráðgjafi að láni*. Umsjón með námskeiðunum hefur *Þekkingarmiðlun ehf.*

Allar frekari upplýsingar er að fá hjá **Fræðslusetrinu Starfsmennt**, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Símanúmer: 525-8395. Netfang: smennt@smennt.is. Heimasíða: www.smennt.is.



Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsýslu, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Ólafsfjarðar, Starfsmannafélag Seltjarnarness, Starfsmannafélag Skagafjarðar, Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Starfsmannafélag Akraness, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Vestmannaeyja og Starfsmannafélag Garðabæjar

# Starfsmenn ríkis og sveitarfélaga skiptast á skoðunum

Nordisk Tjenestemennaráð - NTR - norræn samtök starfsmanna sveitarfélaga og Statstjenestemenns Organisa-sjon - NSO - norræn samtök ríkisstarfsmanna, héldu sameiginlega ráðstefna í Ouluoborg í Finnlandi dagana 11. til 14. ágúst s.l. Ráðstefna sem þessi eru hjá hvorum samtökunum fyrir sig, árlegur viðburður en að þessu sinni var ákveðið að sameinast um eina ráðstefnu og ræða þar þau mál sem efst eru á baugi um þessar mundir og varða alla opinbera starfsmenn.

Meðal umræðuefna var verka- og kostnaðarskipting milli ríkis- og sveitarfélaga – (Ansvarsfordelingen mellem forvaltningsnivåene) á Norðurlöndum, hvaða áhrif þær breytingar hefðu haft á opinbera þjónustu og ennfremur þá sem þjónustuna veita. Undir þeim lið flutti m.a. erindi Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður samninganefndar ríkisins, en sá háttur er hafður á í samstarfi ríkisstarfsmanna að fulltrúar vinnuveitandans, (ríkisins) taka jafnan þátt í þessum ráðstefnum, en það hefur hins vegar ekki verið gert almennt hjá samtökum bæjarstarfsmanna.

Þá var rætt um tilskipun Evrópusambandsins um réttindi hins hreyfanlega vinnuafis innan Evrópusambandsins – (EU og arbeidskraftens rörlighet i lys av EUs forslag til tjenestedirektiv.) Tilskipun þessi gengur út á það, ef af



## Íslensku þátttakendurnir samankomnir

verður, þá munu reglur þess lands sem fyrirtæki er skráð í ráða því hverskonar reglur, kjarasamningar og lög gilda um ráðningar starfsmanna og kjör. Ennfremur er stefnt að því að tilskipunin nái útyfir hugtakið “þjónusta” þannig að þar undir falli einnig sú þjónusta sem við í dag skilgreinum sem opinbera þjónustu – velferðarþjónustuna.

Þriðja aðalræðuefnið var svo að menn veltu fyrir sér hver/hvar væru endimörk velferðarinnar eins og við skilgreinum hana. Ásamt almennri umræðu voru flutt tvö fróðleg erindi, annað var um: Hvort nyrstu byggðir norðurlanda væru jaðarbyggðir í Evrópusambandinu –(Nordkalottenen utkant i EU) og í hinu erindinu var kynnt rannsókn Paulu Blomqvist, sem starfar hjá Sænsku rannsóknarmið-

stöðinni AGORA um “Endimörk velferðarinnar” – (Välferdens gränser.) Þátttakendur á ráðstefnunni voru frá NTR hliðinni innan BSRB, Ögmundur Jónasson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Garðar Hilmarsson og Elín Björg Jónsdóttir og frá SFR, sem er hinn formlegi aðilinn að þessu samstarfi voru þau: Jens Andrésson, Árni Stefán Jónsson, Svala Norðdahl, Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir og Ari Björn Thoroddsen.

Formannaskipti urðu hjá báðum samtökunum á aðalfundi þeirra í lok ráðstefnunnar. Jens Andrésson formaður SFR tók við formennsku í NSO og Inger Efraemson formaður sænsku bæjarstarfsmannasamtakanna, SKTF tók við formennsku í NTR.

23. ágúst 2004  
SI



## Ekki bara hugsa um það

Vikuna 12. - 18. september er vika símenntunar haldin í fimmta sinn. Að þessu sinni er athyglinni beint að ungu fólki undir slagorðinu **EKKI BARA HUGSA UM ÞAÐ!** Lögð verður áhersla á að ungt fólk geti auðveldlega aflað sér upplýsinga um hvert það geti snúið sér í leit að möguleikum til náms, bæði hvað varðar styrki og námsleiðir. Þann 16. september verður haldinn símenntunardagur í fyrirtækjum og eru fyrirtæki hvött til þess að tileinka þann dag fræðslumálum starfsmanna sinna.

Vika símenntunar er á vegum menntamálaráðuneytisins, en Mennt- samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla sér um skipulagningu og framkvæmd hennar í samvinnu við símenntunarstöðvarnar níu á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar um Viku símenntunar er hægt að finna á:

[www.mennt.net](http://www.mennt.net)



Lykilnámskeiðin eru samstarfsverkefni á milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Starfsmannfélags ríkisstofnana og Landspítala – háskólasjúkrahúss og eru fyrst og fremst hugsuð fyrir félagsmenn sem eru ekki með sérstaka fagmenntun. Námskeiðin eru samkvæmt kjarasamningum og geta fært viðkomandi starfsmanni launaflokkshækkun. Undirbúningur og framkvæmd námskeiðanna er á vegum skrifstofu starfsmannamála Landspítala - háskólasjúkrahúss í samvinnu við fræðslufulltrúa SFR og St. Rv.

Á haustönn 2004 verður boðið uppá sérhæfða hluta Lykils II. Þeir sem lokið hafa almennum hluta á Lykli II og/eða eru á biðlista ganga fyrir. Aðrir umsækjendur eru teknir inn á námskeiðið eftir starfsaldri hjá LSH.

Ath. Eingöngu þeir sem lokið hafa Lykli I geta sótt um Lykil II

Umsóknareyðublað fyrir Lykil II er að finna á upplýsingaveitu spítalans undir skrifstofa starfsmannamála – starfspróun og fræðsla - Lykilnámskeið og á skrifstofu starfsmannamála, sími 543 1332

Umsóknir berist fyrir 23. september 2004 til Magneu B. Jónsdóttur á skrifstofu starfsmannamála, Eiríksgötu 5, netfang: magneabj@landspitali.is og fax 543 1365

Nánari upplýsingar um námskeiðin veita Magnea B. Jónsdóttir, s. 543 1332, og Þórleif Drífa Jónsdóttir, s. 543 1328, netfang: drifa@landspitali.is

## Trúnaðarmannafræðsla

### Leiðtogaþjálfun á framhaldsnámskeiði fulltrúa og trúnaðarmanna

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hefur lagt áherslu á að fulltrúum og trúnaðarmönnum bjóðist fræðsla sem styrki þá í hlutverki sínu sem trúnaðarmenn. Frá því 1998 hefur félagið verið í samstarfi við SFR - stéttarfélag í almannabjónustu varðandi trúnaðarmannafræðslu og boðið upp á tvö þriggja daga námskeið.

Veturinn 2002-2003 var ákveðið að endurskoða fræðslu trúnaðarmanna. Síðasta haust var síðan farið af stað með nýtt grunn nám. Hins vegar er endurskoðað framhaldsnámskeið nú í boði í fyrsta sinn.

Á haustönn verður í boði eitt grunnnámskeið, **Samstiga til framtíðar I**, og þrjú framhaldsnámskeið **Samstiga til framtíðar II**. Bæði námskeiðin eru þriggja daga. Grunnnámið er sett upp þannig að kennt er í 2 daga, síðan er hlé í 2 vikur og þá kemur hópurinn aftur saman í einn dag. Á framhaldsnámskeiðinu er kennt samfellt í þrjá daga.

Í þarfagreiningu sem framkvæmd var vegna endurskoðunar á trúnaðarmannafræðslu kom í ljós að leggja þyrfti áherslu á leiðtogaþjálfun og því eru tveir dagar á framhaldsnámskeið-

inu tileinkaðir slíkri þjálfun. Einn dagur er helgaður kjarasamningum og lífeyrismálum.

#### Dagsetningar:

**Samstiga til framtíðar I** - 28. sept., 29. sept. og 13. okt.

#### Samstiga til framtíðar II

a 18., 19. og 20. okt

b 8., 9. og 10. nóv

c 29. nóv., 30. nóv. og 1. des.

**Skráning í síma 525-8333 eða í netfang jakobina@strv.bsr.is.**

## Stór stund fyrir félagsmálafræðsluna



Nýr starfsmaður hefur hafið störf á skrifstofu félagsins.

Ása Clausen er félagsmönnum að góðu kunn, hún hefur verið gjaldkeri félagsins í fjölda ára auk þess að starfa á Innkaupastofnun Reykjavíkur. Hún lætur nú af þeim störfum og tekur við starfi fjármálastjóra St.Rv.

Fréttabréfið býður hana hjartanlega velkomna til starfa hjá félaginu.

Félagsmálaskóli alþýðu og Háskólinn á Akureyri hafa í sameiningu mótað nám á háskólastigi fyrir stjórnarmenn, starfsmenn og trúnaðarmenn verkalyðsfélaga. Námið nær yfir fjórar annir og er mótað með það fyrir augum að það sé hægt að stunda með vinnu. Samningur milli aðila var undirritaður í dag.

Íslenskt þjóðfélag hefur gengið í gegnum miklar breytingar á síðustu árum. Það gildir um öll svið samfélagsins, þar með talið samskipti á vinnumarkaði. Sífellt meiri kröfur eru gerðar til þeirra sem standa í forsvari fyrir hagsmunasamtök, hvað varðar þekkingu á t.d. hagfræðilegum málefnum, vinnurétti og vinnumarkaðsmálum almennt. Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum tíðina brugðist við þessum breytingum með markvissum hætti og byggt upp þá þjálfun og fræðslu sem hún stendur fyrir með það fyrir augum að mæta þessum auknu kröfum.

Með samstarfi Félagsmálaskólans og Háskólans á Akureyri er verið að stíga nýtt – en rökrétt skref í þessari uppbyggingu. Til að byrja með verður boðið upp á fjórar sjálfstæðar annir, sem hægt er að taka í

hvaða röð sem er. Það gerir það að verkum að hægt er að hefja námið hvenær sem er. Kennslan fer að mestu leyti fram í gegnum fjarfundabúnað, en Háskólinn á Akureyri hefur verið í fararbroddi hvað varðar þróun nýrra kennsluáferða.

Meðal viðfangsefna í náminu verða vinnuréttur og -löggjöf, hagfræði, opinber stjórn-sýsla, alþjóðapróun, stjórnun, stefnumótun, fjármál fyrirtækja, fjárfestingar og mat á valkostum og upplýsingatækni.

Nú þegar hefur á sjötta tug starfsmanna verkalyðsfélaga og forystumanna í verkalýðshreyfingunni skráð sig í námið.

Félagsmálaskóli alþýðu eru í eigu Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Undir samninginn rituðu Grétar Þorsteinnsson, forseti ASÍ, fyrir hönd Alþýðusambandsins, Sjöfn Ingólfsdóttir, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og 1. varaformaður BSRB fyrir hönd BSRB og Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri.